

Ávarp rektors við afhendingu heiðursdoktorsnafnbótar við Mála- og menningardeild 19. júní 2025

Fyrriverandi forseti Íslands. Vigdís Finnbogadóttir, Sendiherra Keizo Takewaka, forseti Hugvísindasviðs, deildarforseti Mála- og menningardeildar, góðir gestir.

Ég býð ykkur öll velkomin til þessarar athafnar þar sem fram fer veiting heiðursdoktorsnafnbótar við Mála- og menningardeild á Hugvísindasviði Háskóla Íslands. Í dag heiðrum við heimskunna listakonu, Yoko Ono. Hlýtur hún heiðursdoktorsnafnbótina fyrir framlag sitt til myndlistar, tónlistar og friðarbaráttu, eins og nánar verður rakið hér á eftir.

Í lögum um Háskóla Íslands hefur frá upphafi verið sérstakur kafli um doktora þar sem mælt er fyrir að háskóladeildir hafi rétt til að veita doktorsnafnbót á tvennum forsendum. Annars vegar er um að ræða doktorsnafnbót að undangengnu sérstöku prófi og hins vegar doktorsnafnbót í heiðurs skyni, *honoris causa*, án undangengins sérstaks prófs. Eins og heiti nafnbótarinnar vitnar um er hún veitt til að heiðra doktorsefnið og til sæmdarauka fyrir Háskóla Íslands. Þeir sem þessa sæmd hljóta skulu hafa afkastað merkilegu starfi og njóta almennrar viðurkenningar á sínu sviði, ýmist sem fræðimenn, menningarfrömuðir, andlegir eða veraldlegir leiðtogar.

Veiting heiðursdoktorsnafnbótar hefur ávallt verið gildur þáttur í starfi Háskólans. Fyrstur til að hljóta nafnbótina var dr. Björn M. Olsen, fyrsti rektor Háskóla Íslands, en honum hlotnaðist sá heiður árið 1918 er hann lét af störfum sem prófessor. Frá þeim tíma hafa um 200 einstaklingar verið sæmdir heiðursdoktorsnafnbót við Háskóla Íslands, jafnt hérlendir sem erlendir. Það er einkar ánægjulegt að Yoko Ono skuli nú bætast í þennan glæsta hóp.

Framlag Yoko Ono á sviði myndlistar, tónlistar og friðarbaráttu þekkir heimurinn allur. Á Íslandi er hún ekki síst þekkt fyrir friðarbaráttu, þökk sé Friðarsúlunni í Viðey. Líkt og það listaverk og viðtakendur LennonOno friðarverðlaunanna, sem Yoko setti á fót árið 2002, bera vitni um býr ótvíræður slagkraftur í sambandi lista og friðarbaráttu. Enginn ætti að efast um þátt tungumálanna í þessum slagkrafti og er það tæplega tilviljun að orðin „Hugsa sér frið“ séu grafin á 24 tungumálum á óskabrunninn í Viðey. Verkið vekur djúpstæðar hugrenningar um mikilvægi tungumálsins og vanda þess andspænis baráttu mannkyns fyrir friði, því öll tjáning á hugsun um frið verður ekki slitin úr samhengi við vitundina um veruleika stríðs. Með öðrum orðum: ekkert er auðvelt í þessu efni og um það vitnar einnig uppruni Friðarsúlunnar, svonefnt „Ljóshús“, fyrirmælaverkið (e. instruction piece) sem tileinkað var minningu Johns Lennons árið 2007. Listræn friðarbarátta Yoko felur þannig í sér brýningu um þátttöku í hugsun um frið, ekki aðeins fyrir hugvísindin heldur mannkynið allt og tungumál þess. Það er því til sæmdarauka fyrir Háskóla Íslands og Mála- og menningardeild að heiðra Yoko Ono með heiðursdoktorsnafnbót.

Nú kemur samklipp úr heimildamyndinni Imagine Peace eftir Ara Alexander Ergis Magnússon. Að því loknu mun Gísli Magnússon, forseti Mála- og menningardeildar taka til máls.

Takk fyrir.